

Nd.

## 69. Frumvarp

til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.

(Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.)

### 1. gr.

Þangað til annari skipan verður komið á skattamál landsins skal greiða aðflutningsgjald sem hér segir:

1. Af alls konar öli . . . . . kr. 0,10 af hverjum potti.
2. Af alls konar brennivíni, rommi, kognaki, whisky, arraki og sams konar drykkjarföngum með 8<sup>o</sup> styrkleika eða minna . . . . . — 1,00 — — — —  
yfir 8<sup>o</sup> og alt að 12<sup>o</sup> styrkleika . . . . . — 1,50 — — — —  
yfir 12<sup>o</sup> og alt að 16<sup>o</sup> styrkleika . . . . . — 2,00 — — — —  
Af 16<sup>o</sup> vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar, og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.
3. Af rauðvíni og sams konar borðvínnum hvítum (eigi freyðandi) svo og af messuvíni . . . . . — 0,50 — — — —
4. Af öllum öðrum vínföngum, þar með töldum bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar . . . . . — 1,00 — — — —
5. Af bitter-vökva (bitteressents, elixír og þvl.) . . . . . — 1,00 — — — —  
eða minni ilátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé varan aðflutt í stærri ilátum.  
Séu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2, 3 og 4, fluttar í ilátum, sem rúma minna en pott, skal greiða sama gjald af hverjum 3 pelum, sem af potti í stærri ilátum.
6. Af tóbaki alls konar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki . . . . . kr. 1,00 af hverju pundi.
7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigaretum) . . . . . — 2,60 — — — —  
Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósnum sem þær seljast í.  
Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalda, og notuð eru eingöngu til fjárböðunar, eru undanþegin aðflutningsgjaldi.
8. Af kaffi og kaffibæti alls konar . . . . . 13 aura af hverju pundi.
9. Af sykri og sirópi . . . . . 6½ eyri — — — —
10. Af tegrasi . . . . . 50 aura — — — —
11. Af súkkulaði . . . . . 25 — — — —
12. Af kakaódufti . . . . . 13 — — — —
13. Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum . . . . . 40 — — — —

### 2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld 1. gr. 1—14 í toll-lögum fyrir Ísland frá 8. nóv. 1901 og 1. gr. í lögum 31. júlí 1907 um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipun millipinganefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Þó skal greiða aðflutningsgjald, það er ræðir í 1.—5. tölul. 1. gr., af vörum þeim, er flytjast til landsins eftir 24. febr. 1909.